

Fimmtudaginn 17. september 1998.

Nr. 181/1998.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)
gegn

X

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Gagnaöflun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með vísun til a-, b-, c- og d-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar á sakfellingu héraðsdóms, en þyngri refsingar en þar var ákveðin.

Ákærði krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi ásamt málsmeðferð í héraði frá upphafi aðalmeðferðar 12. mars 1998. Til vara er krafist sýknu af sakargiftum í ákæru.

I.

Verjandi ákærða hefur í greinargerð og bréfum til Hæstaréttar gert kröfu um frekari gagnaöflun. Málið var tekið fyrir á dómþingi 15. september 1998 á grundvelli niðurlagsákvæðis 1. mgr. 7. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, sbr. 3. mgr. 156. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 16. gr. laga nr. 37/1994. Verjandi og saksóknari reifuðu þar sjónarmið sín um öflun nýrra gagna.

II.

Fram er komið, að kærandi lenti í umferðarslysi, allnokkru áður en hún bar fram kæru sína á hendur ákærða. Fyrir héraðsdómi kvaðst hún hafa fengið höfuðhögg með alvarlegum afleiðingum, sem meðal annars hefðu komið fram í verri höfuðverkjaköstum en hún hefði áður haft. Hún hefði þurft að fara í endurhæfingu í Hveragerði og myndi á næstunni sæta örorkumati vegna þessa.

Verjandi vísar til sérfræðilegra gagna um það, að slíkir höfuð-áverkar kunni að hafa áhrif á skaphöfn og persónuleika þess, sem fyrir verður. Saksóknari andmælir ekki kröfu verjanda um öflun læknisfræðilegra gagna um afleiðingar þessa slyss á heilsufar kæranda.

Í málinu liggur fyrir greinargerð félagsráðgjafa um ætlað kynferðislegt ofbeldi gagnvart kæranda og áhrif þess á hana, og kom höfundurinn fyrir héraðsdóm. Hins vegar nýtur engra gagna um sálfræðilega athugun á kæranda og ákærða. Saksóknari hefur í þinghaldi 15. september 1998 tekið undir röksemdir um þörf þess, að slík gögn verði fengin.

III.

Eins og málið liggur fyrir, þykir nauðsyn bera til að freista þess að afla þeirra gagna, sem að framan greinir, í því skyni að varpa skýrara ljósi á aðstæður kæranda og ákærða með tilliti til þeirra sakargifta, er ákæra málsins lýtur að. Jafnframt þykir sýnt, að nýjar upplýsingar um þessi efni geti verið til þess fallnar að veita tilefni til frekari gagnaöflunar og skýrslugjafar fyrir dómi og hafa áhrif á mat dómenda í héraði á sönnunargildi munnlegs framburðar, sem þar er gefinn. Er því óhjákvæmilegt að ómerkja héraðsdóm og málsmeðferð í héraði frá upphafi aðalmeðferðar, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 156. gr. laga nr. 19/1991.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða úr ríkissjóði allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði frá upphafi aðalmeðferðar 12. mars 1998 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til frekari gagnaöflunar, nýrrar aðalmeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur sakarkostnaður í héraði til þessa og áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun

skipaðs verjanda ákærða í héraði, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.
